

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 8888. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 16. apríl 2015
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Svanur Tómasson Embættismaður, Brynja Mjöll Ólafsdóttir 1. varamaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður, Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari, Jóhann Már Þórisson 1. varamaður og Lúðvík Ver Smárason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ásdís Lilja Pétursdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

- 1. 1310001 - Vestan Arnarbrautar_Umsókn um lóð. Sverrir Hermann Pálmarsson sækir um lóð fyrir hönd SHP ráðgjafar ehf undir verslun og þjónustu.**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að veita frest til að hefja framkvæmdir á lóðinni til 31. desember 2015
- 2. 1503003 - Bárðarás 6_umsókn um hurð út á pall á suðurhlið skv. teikningu.**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 3. 1503002 - Snoppuvegur 5_umsókn um leyfi til að setja auka glugga á norðurhlið hússins skv. teikningu**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 4. 1503001 - Menningarmiðstöðin Hellnum, Laugarbrekku_umsókn um byggingarleyfi fyrir minniháttar breytingu innanhúss skv. meðfylgjandi umsókn.**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 5. 1502001 - Traðir_umsókn um byggingarleyfi fyrir að koma sumarhúsi sem flutt var úr Borgarfirði á endanlegan stað.**
Umhverfis- og skipulagsnefnd getur ekki samþykkt erindið fyrr en deilur, sem eru í gangi um landamerki hafa verið leystar. Lóðin sem sótt er um að koma sumarhúsinu á, er að litlum hluta á því svæði sem deilurnar snúast um.
- 6. 1504001 - Ólafsbraut 20_umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við hótelið á einni hæð og breytingu á 1. og 2. hæð**

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

elsta hluta hússins

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

7. 1504003 - Ólafsbraut 57_innanhússbreytingar, færsla á kaffistofu og wc starfsmanna

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

8. 1504004 - Hafnargata 16_Umsókn um breytingar á starfsmannaaðstöðu og einu gistirými í viðbót skv. meðf.teikningu

Drífa yfirgefur fundinn.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

9. 1504005 - Naustabúð 12_umsókn um að fá að byggja sólpall

Drífa kemur inn aftur.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

10. 1504006 - Ólafsbraut 19_umsókn um að fá að loka efri gluggum í austurenda húsnæðis - neðri hæð

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en fer fram á að framkvæmdin falli vel að og sé í samræmi við útlit hússins.

11. 1504008 - Brautarholt 2_Umsókn um leyfi til breytinga á tveimur gluggum á kjallaraíbúð hússins auk þess sem óskað er leyfis til gistipjónustu í umræddri íbúð

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir breytingarnar á gluggunum. Nefndin bendir hins vegar á að sækja þarf um rekstrarleyfi hjá Sýslumanni varðandi rekstur á gistipjónustu.

12. 1504009 - Engihlíð 28_umsókn um endurnýjun á glugga og hurð, suðurhlíð og klæðningu á hluta suðurhlíðar skv. innsendum teikningum

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

13. 1411003 - Jökulhálsvegur_stæði við jökulhálsveg

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur ábendingar Umhverfisstofnunar eiga fullan rétt á sér þar sem gamla vegstæðið hefur verið fjarlægt og uppgræðsla á svæðinu er vel á veg komin. Nefndin bendir umsækjanda á að hafa samband við Umhverfisstofnun varðandi mögulegt svæði fyrir bílastæði.

14. 1504002 - Bankastræti 1_umsókn um stöðuleyfi fyrir gám

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi í eitt ár.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

15. 1504007 - Sandholt 45_ósk um álit sveitarfélagsins um hugsanlegan rekstur reiðhjólaleigu á neðri hæð hússins. Ennfremur að breyta nýtingu hússins í íbúðarhús

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í rekstur reiðhjólaleigu á svæðinu og sér jafnframt ekkert því til fyrirstöðu að nýtingu hússins verði breytt seinna í íbúðarhús.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.